

**Fylgiskjal I með stofnannasamningi Skógræktar ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), samkvæmt ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN frá 18. mars 2005**

**Útfærsla á reglum Skógræktar ríkisins vegna skrifa, frágangs verkefna og annarrar kynningar.**

**Forsendur:** Greiðslum vegna skrifa, fyrirlestrahalds og annarrar kynningar er ætlað að stuðla að; a) auknu vinnuframlagi, b) hraðari fullvinnslu gagna og síðast en ekki síst, c) styrkja ímynd stofnunarinnar, enda kynning nauðsynleg forsenda þess að stofnunin njóti álits vegna faglegs starfs og eigi þar með aðgang að innlendum og erlendum sjóðum.

Aðeins er greitt fyrir skriftir, fyrirlestrahalds og annarrar kynningar sem teljast á fagsviði stofnunar og tengjast að einhverju leyti verkefnum hennar. Höfundur ber að skrifa í nafni stofnunarinnar, komi nafn Skógrækt ríkisins eða Rannsóknastöð Skógræktar, Mógilsá, ekki fram fellur greiðsla niður. Þar sem höfundar eru fleiri en einn er greitt hlutfall af vinnuframlagi hvers og eins, höfundar skulu koma sér saman um það hlutfall og taka fram á vinnuskýrslu.

**Greiðslutími:** Greiðslu skal inna af hendi þegar handrit hefur verið samþykkt til birtingar og ljósrit af grein hefur verið sent aðalskrifstofu til yfirlestrar.

**Gæði skrifa:** Yfirmaður og Skógræktarstjóri skulu samþykkja greiðslu eftir skoðun og yfirlestur. Ef þeir telja efnið vera langt frá meðaltali í umfangi og gæðum skulu þeir semja við höfund um endurskoðun greiðslna fyrir viðkomandi efni.

**Fyrirlestrar**

- Greiða skal 10 yfirvinnustundir fyrir fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum hérlendis sem erlendis. Ráðstefna sem haldin er á Íslandi telst alþjóðleg ef tungumál hennar er annað en íslenska.
- Greiða skal 7 yfirvinnustundir fyrir fyrirlestra á innlendum ráðstefnum og fundum.
- Ekki er greidd yfirvinna fyrir fyrirlestra sem starfsmaður fær greitt sérstaklega fyrir af utanaðkomandi aðilum.
- Greiða skal 10 yfirvinnustundir fyrir birtingu greinar í ráðstefnuriti. Greinin þarf að birtast í heild sinni.
- Greiða skal 7 yfirvinnustundir fyrir veggspjöld á ráðstefnum
- Ekki er greitt fyrir samantekt (abstarkta) í ráðstefnuriti.

**Blaðagreinar (dagblöð, vikurit (t.d. Bændablaðið) og fréttablöð s.s. Laufblaðið eða fréttablöð skógarbænda).**

- Greiða skal 3 yfirvinnustundir fyrir fréttatilkynningu.
- Greiða skal 7 yfirvinnustundir fyrir stuttar greinar s.s. í “umræðu” Moggans hálf síðugrein í Laufblaðinu eða 2 síður í fréttablöðum skógarbænda.
- Greiða skal 12 yfirvinnustundir fyrir greinar á stærð við hálf síðugrein, e.o.t.d. í “skoðun” Moggans eða heila síðu í Laufblaðinu.
- Greiða skal 25 yfirvinnustundir fyrir greinar á stærð við heilsíðugrein í Mogga eða stærri.

**Greinar í innlend tímarit (Gróandinn, Við Ræktum, Sumarhúsablaðið, Freyr, Handbók Bænda ofl.)**

- Greiða skal 20 yfirvinnustundir fyrir hverja grein.

**Greinar í innlend fagrit (t.d. Skógræktarritið, Rit Mógilsár, innlendar bækur og bókakaflar)**

- Greiða skal að hámarki 50 yfirvinnustundir/grein. Nánari útfærsla sjá hér að neðan

Greiða skal 20 stundir fyrir þá auglýsingu sem hver birting er fyrir stofnunina. Þessi tímafjöldi skiptist jafnt á milli séu fleiri en einn höfundar starfsmenn stofnunarinnar. Greiða skal starfsmanni 15 stundir sé hann fyrsti höfundur að greininni. Afgangur heildargreiðslu (15 stundir) deilist jafnt á höfunda og gildir þá einu hvort höfundar eru innanstofnunararmenn eða ekki, höfundar utan stofnunar fá ekki greitt frá Skógrækt ríkisins.

**Greinar í alþjóðleg/erlend fagrit (ritrýnd), Icelandic Agricultural Science, erlendar bækur og bókakaflar**


- Greiða skal að hámarki 70 yfirvinnustundir/grein. Nánari útfærsla sjá hér að neðan

Greiða skal 30 stundir fyrir þá auglýsingu sem hver birting er fyrir stofnunina. Þessi tímafjöldi skiptist jafnt á milli séu fleiri en einn höfundar starfsmenn stofnunarinnar. Greiða skal starfsmanni 20 stundir sé hann fyrsti höfundur að greininni. Afgangur heildargreiðslu (20 stundir) deilist jafnt á höfunda og gildir þá einu hvort höfundar eru innanstofnunarmenn eða ekki, höfundar utan stofnunar fá ekki greitt frá Skógrækt ríkisins.

**Uppbygging og viðhald vefsvæðis**

Starfsmanni stendur til boða svæði á heimasíðu stofnunarinnar þar sem hann getur komið á framfæri upplýsingum um sitt fagsvið. Starfsmaður skal hafa frumkvæði að því að gera sitt svæði sem best úr garði. Árlega skal meta heimasvæði og hvernig til hefur tekist við uppfærslu þeirra. Starfsmenn geta fengið allt að 20 yfirvinnustundum fyrir að viðhalda heimasvæði þar sem fjallað er um starfssvið viðkomandi, verkefni, yfirlit yfir birtar greinar, samstarfsverkefni og annað sem tengist verkefni viðkomandi starfsmanns.

Reykjavík 20. desember 2006

  
fh. Skógræktar ríkisins

fh. Félags íslenskra náttúrufræðinga

  
Ólaf Eggert  
Hrís Jónsson  
Jónell Þjóðal